Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 19. nóvember 2018
USK2018110009
2.3.1

Borgarráð

***Svar við fyrirspurn Sjálfstæðisflokks um kaup á þjónustu arkitekta***

**Vísað er til fyrirspurnar Sjálfstæðisflokks um kaup á þjónustu arkitekta, svohljóðandi:**

"Óskað er eftir að fá afrit af lista sem umhverfis- og skipulagssvið styðst við þegar borgin kaupir þjónusta frá arkitektastofum?"

**Svar:** Umhverfis- og skipulagssvið styðst ekki við lista, þegar borgin kaupir þjónustu af arkitektum.

Hjá skipualagsfulltrúa er horft til reynslu og fyrri verkefna við val á einstaka ráðgjöfum og ráðgjafastofum sem fengnir eru til samstarfs um ákveðin verkefni á vegum embættisins. Skipulagsfulltrúi í samráði við verkefnisstjóra óskar síðan eftir áætlun frá ráðgjafa hvað varðar fjölda tíma og kostnað ráðgjafa áður en viðkomandi ráðgjafi er fengin í viðkomandi verk. Þegar farið er í hugmyndaleit um skipulag á einstaka reit þá hefur sá háttur verið hafður á að leita jafnt til reyndra aðila og óreyndra til að fá fjölbreyttari skipulagshugmyndir til yfirferðar og síðan endanlegs vals á ráðgjöfum viðkomandi verk.

Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12–14
105 Reykjavík